



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2019
Tilv. 1909255/0.7.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis tæknistjóra ríkisins

Með tölvupósti dag. 30. september 2019, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Þjóðskjalasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis tæknistjóra ríkisins, 15. mál. Þjóðskjalasafn sendir eftirfarandi umsögn um þingsályktunartillöguna.

Þjóðskjalasafn Íslands er skv. 3. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar en jafnframt gegnir safnið hlutverki opinbers skjalasafns. Opinber skjalavarsla og skjalastjórn hefur m.a. þann tilgang að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi, sbr. 1. gr. laganna.

Allir afhendingarskyldir aðilar ríkisins skv. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn eiga að tilkynna rafræn gagnakerfi sem þeir nota í starfseminni til Þjóðskjalasafns Íslands. Þjóðskjalasafn úrskurðar svo um varðveislu upplýsinganna í kerfunum og eftir atvikum eru gögnin afhent til varðveislu á rafrænu formi til safnsins, í svokölluðum vörsluútgáfum, samkvæmt gildandi reglum. Þannig er forsenda þess að tryggja varðveislu rafrænna gagna að gagnakerfin séu tilkynnt til safnsins. Séu rafræn gögn ekki tilkynnt og afhent reglulega til varðveislu samkvæmt reglum þar um er hætta á að mikilvægar upplýsingar um stjórnsýslu og rekstur ríkisins tapist m.a. vegna þess að upplýsingar í gagnakerfum geta úrelst vegna hraðrar þróunar hug- og vélbúnaðar. Þar með talið gætu verið upplýsingar um réttindi einstaklinga og hins opinbera og sögu íslensku þjóðarinnar farið forgörðum.

Þjóðskjalasafn setti fyrstu reglur um rafræn opinber gögn og skil á þeim árið 2010 og síðan hefur gengið hægt að innheimta tilkynningar um rafræn gagnakerfi og eins er með afhendingu á rafrænum gögnum. Samkvæmt svörum í eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisstofnana

árið 2016 eru um 1.000 til 1.500 rafræn gagnakerfi í notkun hjá ríkinu. Miðað við þessar upplýsingar höfðu aðeins verið tilkynnt um 12-18% af gagnakerfunum ríkisins til Þjóðskjalasafns. Í lok árs 2018 hafði tilkynningum rafrænna gagnakerfa til safnsins fjölgað lítillega og höfðu safninu borist tilkynningar um 17-25% af öllum gagnakerfum ríkisins. Í lok septembermánaðar 2019 höfðu Þjóðskjalasafni aðeins borist 31 vörslutútgáfa rafrænna gagna.

Það er mikilvægt að öllum stofnunum ríkisins sé gert kleift að afhenda gögn sín til varðveislu á rafrænu formi. Lykilatriði í því er að kerfin séu vel uppbyggð og hugað að varðveislu gagna strax við hönnun kerfanna. Stofnun embættis tæknistjóra ríkisins gæti samræmt uppbyggingu rafrænna gangkerfa ríkisins og tryggt að hugað sé að varðveislu rafrænna gagna strax við hönnun rafrænna gagnakerfa. Þá gæti slíkt embætti veitt stofnunum ríkisins þjónustu við gerð á vörslutútgáfum til afhendingar á Þjóðskjalasafn. Slík samhæfing myndi án efa tryggja betur varðveislu og aðgengi að rafrænum gögnum hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins og afhendingu gagna til Þjóðskjalasafns og færa þar með traustari stoðir undir réttaröryggi almennings sem og stjórnarsýslunnar.

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður